Nd. 745. **Lög**

um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 8. sept.).

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum, og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs, og þaðan beina línu í Skiphól.